

Hvernig skóla eða skólakerfi myndir þú hanna til að takast á við áskoranir 21. aldar? Hvaða tækninýjungar munu hafa áhrif á menntun í framtíðinni og hvernig ætlar þú að nýta þær?

Menntamiðja og RANNUM halda hönnunarsmiðju þar sem þátttakendur fá að kynna hvernig hönnunarnálgun er notuð í stefnumótun skólamála (sjá frekar umhönnunarnálgun og hönnunarsmiðjur hér). Hönnunarsmiðjan er skipulögð í samvinnu við Virajita Singh, sérfræðingur í hönnunarnálgun frá Háskólanum í Minnesóta, sem verður á staðnum til að leiða vinnu þátttakenda. Þátttakendur munu velta fyrir sér framtíð tækniþróunar og mögulegum áhrifum hennar á menntun. Hugmyndir um skóla framtíðar verða mótaðar í skapandi samstarfi með fjölbreyttum hópum hagsmunaaðila.

Þátttakendur skrá sig með eyðublaðinu hér fyrir neðan fyrir lok dags 18. nóvember.

Tími:

20. nóvember, 2013 frá kl. 10-15. Þátttakendur geta valið um að vera allan daginn eða hálfan daginn (fyrir eða eftir hádegi).

Staður:

Hlaðan í Gufunesbæ

Hverjir eiga að taka þátt?

Hönnunarsmiðjan er opin öllum sem hafa áhuga á þróun upplýsingatækni og menntunar.

Verð:

Heill dagur (kaffi og léttur hádegisverður innifalinn): kr. 6.500

Hálfur dagur (2 klst. fyrir eða eftir hádegi): kr. 4.000

Háskólastúdentar (allir háskólar): kr. 4.000

Hönnunarsmiðjan er styrkt af Kennslumálasjóði HÍ og Global Programs and Strategy Alliance Háskólans í Minnesóta.

Lokað hefur verið fyrir skráningum.



Deildu þessu með vinum:

Facebook

Reddit

Twitter

Hönnunarsmiðja um framtíð tækni og menntunar

Google

Pinterest